

Tónleikar  
í  
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Stefán Örn Arnarson  
sellóleikari

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikunum loknum

Þriðjudaginn 16. júlí 1996 kl. 20:30

**Stefán Örn Arnarson** hóf ungur nám í sellóleik í Tónmenntaskólanum í Reykjavík hjá Lovísu Fjeldsted og Ólöfu Sesselju Óskarsdóttur. Fjórtán ára gamall fékk hann inngöngu í Tónlistarskólann í Reykjavík og naut tilsagnar Gunnars Kvaran í sellóleik. Að loknu einleikaraprófi fór Stefán Örn í framhaldsnám við University of Michigan í Ann Arbor þar sem Erling Blöndal Bengtsson var aðalkennari hans. Meistaragráðu hlaut Stefán eftir tveggja ára nám og fór síðan að starfa með sinfóníuhljómsveitum ytra og kenndi einnig við tónlistarskóla fyrir börn.

Í mars á þessu ári fluttist Stefán Örn Arnarson heim með fjölskyldu sinni og hefur tekið við stöðu sem sellókennari við Tónlistarskólann á Akureyri og er jafnframt ráðinn sem fyrsti sellóleikari í Sinfóníuhljómsveit Norðurlands.

Stefán Örn er einn af fimm tónlistarmönnum sem keppa til úrslita í Tónvakanum, tónlistarkeppni Ríkisútvarpsins á þessu sumri.

## Efnisskrá

- |                                  |  |
|----------------------------------|--|
| Paul Hindemith<br>1895 - 1963    | Sónata fyrir einleiksselló, op. 25 nr. 3<br>Lebhaft<br>Mäßig schnell<br>Langsam<br>Lebhaftes Viertel<br>Mäßig schnell  |
| Atli Heimir Sveinsson<br>f. 1938 | Dal Regno Del Silenzio   |
| Benjamin Britten<br>1913 - 1976  | Svíta fyrir selló op. 72<br>Canto primo<br>I Fuga<br>II Lamento<br>Canto secondo<br>III Serenata<br>IV Marcia<br>Canto terzo<br>V Bordone<br>VI Moto perpetuo e Canto quarto |